



Þróun og prufukeyrsla verkefna um lífbreytileika.

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Júní 2021

Nafn skóla: Dvergasteinn

Nafn verkefnisstjóra: Sigurlaug Arnardóttir hjá Landvernd

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-13 2020-21

Efnisyfirlit

Forsaga verkefnisins	3
Markmið verkefnis	3
Leiðir til að ná markmiði	3
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	15
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	15
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	15
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	15
Að lokum	17
Rekstrarreikningur	18

Forsaga verkefnisins

Frá árunum 2018-2020 unnu ellefu leik- og grunnskólar á Íslandi, Erasmus+ verkefni ásamt kennurum frá Slóveníu, Eistlandi og Litháen. Kennarar frá öllum þátttökuskólum útbjuggu kennsluáætlanir þar sem meginþemað var lífbreytileiki. Verkefnin eiga auk þess að ná til eftirtalinnna námsþátta: Notkun rafrænnar tækni, samvinnu, hreyfingu, vera verkleg, fjalla um plöntur, hnattrænt jafnrétti og umhverfisvitund.

Það sem kom út úr samstarfi þessara fjögurra landa var bók með 40 kennsluáætlunum fyrir nemendur á aldursbilinu 5-9 ára sem fjalla á einhvern hátt um lífbreytileika. Verkefnin eru ólík í framkvæmd allt frá 1-2 kennslustundum í það að taka nokkra mánuði. Verkefnin fjalla m.a. um ræktun, pottaplöntur og útikennslu.

Bókin kallast Hands on biodiversity in digital era og var gefin út í apríl 2020 í rafrænu formi.

Haustið 2020 hófst samvinna Drafnarsteins og Landverndar að prufukeyra valin verkefni úr bókinni og aðlaga hana að íslenskum veruleika. Unnið var að þýðingu bókarinnar frá hausti 2020 og fram í janúar 2021. Í janúar 2021 var hún gefin út rafrænt á vefsíðu Landverndar og Menntamálastofnunnar. Á íslensku heitir hún Lifandi náttúra og er öllum aðgengileg. Í framhaldi af því var bókin kynnt fyrir kennurum.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að auka framboð á námsefni um sjálfbærni og umhverfismennt fyrir leikskóla og yngsta stigi grunnskóla. Prufukeyra verkefni úr bókinni Lifandi náttúra sem henta elstu börnum leikskóla. Gera umhverfismennt lifandi og markvissa í leikskólanum Dvergasteini. Opna augu barna fyrir umhverfi sínu og árstíðum, fara í reglulegar gönguferðir á náttúrusvæði og gera verkefni. Setja saman verkefnakistu sem hentar vel elstu börnum leikskóla. Kynna efnið fyrir öðrum kennurum í von um að umhverfismennt og menntun til sjálfbærni eflist og aukist í skólum landsins. Námsefnið hefur sterka tengingu við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.

Leiðir að markmiðinu

Samstarf hófst á milli Landverndar og Drafnarsteins haustið 2020, hann er einn af þátttökuskólum Erasmus+ verkefnisins.

Verkefnin í bókinni voru skoðuð og flokkuð eftir því hvað hentaði hverjum árstíma, einnig hvað hentaði aldurshópnum, sem eru 5-6 ára gömul börn á elstu deild skólans. Það kom í ljós að hægt var að nýta mjög margt úr bókinni, margt hentaði mjög vel, annað var hægt að aðlaga og sumt bættist við sem var ekki í bókinni.

Verkefnin voru unnin í umhverfistímum sem voru einu sinni í viku. Umhverfistímar byrjuðu alltaf á samveru, þar voru umræður, síðan voru verkefni unnin.

September - Læra um tré og laufblöð

Markmið: Læra nöfn á trjám og þekkja laufblöðin þeirra, þekkja mun á trjátegundum, útivera, hreyfing, talning, lestur, lesa í náttúru. Átta sig á lífbreytileika trjáa.

Kveikja: Hvað er náttúra? Hvað er gott við náttúru? Hvernig líður ykkur í náttúru? Er hús náttúra? Fyrir hvað í náttúrunni eru þið þakklát?

Rætt um laufblöð, þau vaxa á trjánum á vorin og eru græn, á haustin breyta þau um lit og verða gul, rauð og appelsínugul. Síðan fjúka þau af trjánum niður á jörðina og gefa moldinni næringu. Á veturna eru trén sofandi, þau fara í náttkjólinn og greinarnar eru berar þangað til næsta vor þá koma brum og lauf.

Hvað heita trén og hvernig eru lafin á þeim? Hvað gera laufblöðin fyrir okkur? Mörg tré eru með nöfn sem eru líka mannanöfn, hvað nöfn á trjám þekkið þið? Heitir einhver nafni sem er nafn á tré? T.d. Víðir, Reynir, Ösp, Birkir, Björk, Hlynur. Skoða glærusýningu og ræða hvað er á myndunum.

https://docs.google.com/presentation/d/19ao4y63tQwLI5YhqzbOwDH7HYTJ3YoUPDauKqMtBXKg/edit#slide=id.g951e822f4b_0_6

Þakklætislag

Ég er þakklát fyrir himininn

Ég er þakklát fyrir jörðina

Ég er þakklát fyrir vini mína

Ég er þakklát fyrir mig

Nemendur finna eitthvað sem þau eru þakklát fyrir í náttúrunni, svo syngur eitt barn í einu hvað það er þakklát fyrir.

Ég er þakklát fyrir blómin

Ég er þakklát fyrir trén

Ég er þakklát fyrir vini mína

Ég er þakklát fyrir mig

Verkefni: Farið í gönguferð í leynigarð í nágrenni leikskólans, fötur teknar með, við skoðuðum trén og laufblöðin. Við söfnum laufblöðum, helst blöð sem falla af trjánum sjálf.



Í leynigarðinum:Fræ á burkna vöktu forvitni. Sumir voru duglegir að tína lauf og líka smá kerfil. Allir settust á bekk og sýndu hinum hvað þeir voru búnir að tína laufblöð, greinar, ber og blóm.

Laufblöð úr gönguferðinni voru sett á dagblað, passað að setja ekki of mörg í einu og raða fallega, loka blaðinu varlega, allt sett í einn bunka og þungar bækur settar ofan á og pressað í viku. Listaverk búin til úr laufblöðunum.



Október- Læra um tré og laufblöð

Kveikja: Nú er haustið komið, laufblöðin eru laus á trjám og fjúka af í vindinum.

Ólík laufblöð voru skoðuð, hver er munurinn á þeim og við lærum nöfn þeirra. Birki er t.d. með lítið lauf með tenntum laufblöðum og með reklum á haustin. Reynir er með smáblöðum og á haustin koma á hann rauð ber. Mispill er runni og verður fagurrauður á haustin. Öspin er með frekar stór blöð sem verða gul á haustin o.s.fv..

Ræða hvernig laufblöðin verða þegar þau eru pressuð, skoða pressað laufblað og laufblað sem er ekki pressað, ræða hugtökin, slétt og krumpað.

Verkefni: Áður en lagt var af stað á Landakotstún voru spjöld með nokkrum tegundum af laufblöðum útbúin t.d. birki, reyni og mispli.



Spjöldin voru sett á víð og dreif um náttúrusvæðið.



Kennari sýndi börnunum eitt spjald t.d. með birki á, börnin hlupu um svæðið og fundu spjöldin með birki, næst sýndi kennarinn spjald með reyni og þá hlupu börnin

af stað til þess að finna spjöld með reyni, þetta gekk svo áfram þar til öll spjöldin voru fundin.

Hver nemandi dregur eitt spjald. Þau eiga ekki að sýna sitt spjald, heldur tala saman og lýsa hvort fyrir öðru hvernig þeirra spjald er (með berjum, fræi, rauð laufblöð) og finna hverjir eru með eins spjald.



Þá mynduðust þrjú hópar, birki, reyni og mispils, hver hópur fann tré sem er samskonar og er á spjaldinu. Hver hópur býr til dans t.d. birkihópur býr til birkidans o.s.fv.. Þegar allir hóparnir eru búnir að sýna sinn dans, þá gera þau kyrrmynd.



Reynihópur stendur við reynitré

Við fundum laufblöð af reynitré, við töldum hversu mörg laufblöðin voru. Síðan hreyfðum við okkur eftir fjölda laufblaða það má hoppa, klappa, tvista, stappa, sveifla höndum eins oft og laufblöðin eru mörg. Um að gera að finna fleiri hreyfingar.



Leikur í leikskólanum. Tölur skrifaðar á litla miða hinum megin eru stafir sem mynda nafn á tré. Börnin röðuðu svo tölunum í rétta röð, snéru svo miðunum við og þá kom nafnið á trénu í ljós.



Á heimleið úr gönguferð tíndum við nokkur birkifræ, til að taka þátt í landsátaki í söfnun birkifræs. <https://landvernd.is/birkifrae-landsofnun/>



Október - Heimsókn á náttúrusvæði

Markmið: Hreyfing, skoða umhverfi sitt, skoða náttúruna, liti hennar og lögun. Læra orð sem tengjast náttúrunni.

Kveikja: Syngja um lagið Björkin, tengist því að læra um Birki.

Sýna myndir frá Landakotstúni og myndir sem teknar voru annars staðar. Börnin sjá eina mynd í einu og segja hvort þau haldi að myndin sé frá Landakotstúni eða ekki. Ræða um Landakotstún staður sem við höfum heimsótt, hvernig er umhverfið þar?

Verkefni: Börnunum er skipt í hópa, þau draga spjöld, birki, reynir eða mispill. Hver hópur fær einn eggjabakka, hvert hólfi í bakkanum er litað og þau eiga að finna eitthvað á svæðinu sem er með litina.



Hlutum raðað á undirlag (klút, efnisbút, poka) og börnin skoðuðu hlutina, þau eiga svo að finna hlutina og raða á sinn klút. Það er hægt að hafa hlutina sýnilega allan tímann eða gera minnisleik, þá á að hylja hlutina og þau reyna að muna hvað hlutir voru á klútunum og finna þá.

Hlutir úr náttúrunni á poka sem nemendur áttu að finna.



Börnin fengu nokkrar myndir af Landakotstúni og eina mynd sem tekin var á öðrum stað. Þau leituðu af staðnum þar sem hún var tekin og þegar þau fundu staðinn tóku þau mynd af honum með snjalltæki.



Myndir af Landakotstúni, myndir sem á að finna, þegar staðurinn er fundinn þá er tekin mynd á snjalltæki.

Nóvember -Lærum um smádýr

Kveikja: Nú er komið frost, laufblöðin fallin af trjámum, náttúran fer í dvala. Hvar eru þá smádýrin? Hvert fara smádýrin á veturnar? Hvaða dýr lifa í moldinni? Þekkið þið smádýr, hvaða smádýr? kunna þau að fljúga? Dýr lifa bæði ofan jarðar og neðan jarðar. Rætt um ýmsar tegundir smádýra. Myndir af dýrum sem lifa í moldinni eru skoðaðar, hvaða dýr búa neðanjarðar og hvaða dýr búa ofanjarðar?

Lagið um Kalla litla kónguló sungið.

Verkefni: Göngutúr til ná í mold. Skoða moldina, hvað er í moldinni, eru lífverur í moldinni? Taka myndir af lífverum. Við vorum aðeins of sein á ferðinni, það var of mikið liðið á haustið því var lítið líf í moldinni.

Hvítt renningsblað sett á gólf, lína dregin á blaðið sem tákna jarðveginn, fyrir neðan línuna er neðan jarðar og fyrir ofan línuna er ofan jarðar.

Börnin fengu eintök af tímaritinu, Lifandi vísindi og klipptu út það sem tengist náttúrunni. Þau límdu svo úrklippur á blaðið ýmist ofan eða neðan jarðar. Þau teiknuðu líka á myndina eitthvað sem tengdist náttúru t.d. gulrætur sem vaxa neðan og ofan jarðar og notuðu pressuð laufblöð. Niðurstaðan var náttúrulegt verk.



Desember- Lærum um inniblóm

Nú er náttúran komin í dvala, þá er upplagt að vinna verkefni sem tengjast inniblómum, inniblóm eru mikilvæg með þeim höfum við náttúruna hjá okkur innandyra allan ársins hring.

Markmið: Kynnast inniplöntum, læra að þekkja þær, annast þær og njóta.

Kveikja: Rætt um inniblóm, myndir af inniblómum skoðaðar, lögun laufblaða rædd, hvaðan koma blómin? Frá hvað löndum? Skoða afleggjara, hvað heitir blómið? Hvernig á að setja það í moldina, hvar gerir rótin? Er betra að taka afleggjar eða kaupa nýtt blóm úr blómabúð?

Verkefni: Nemendur og starfsfólk komu með afleggjara að heiman, afleggjarar skoðaðir, settir í pott. Börnin teiknuðu mynd af blómum þegar þau voru komin í pottinn.



Janúar

Kveikja: Hvernig líður blómum, hvernig gengur að annast þau? Hvað heita blómin okkar? Skoðum bók um pottablóm, sum blóm heita sérstökum nöfnum t.d. Gyðingurinn gangandi, Veðhlaupari og Kólus eins og lakkrísgerðin. Af hverju þessi nöfn?

Verkefni: Skoða blómin með stækkunargleri. Finna mynd af blóminu í pottaplöntubók, finna nafnið á blóminu. Merkja pottana með nafni plöntunnar og skeyta.



Útbúa spjöld með myndum af blómunum okkar



Blómunum dreift um skólaföndunna hver nemandi fær spjald með mynd af blómi og reynir að finna það. Þau velja sitt uppáhaldsblóm og útskýra hvers vegna þau völdu það.



Útbúa samstæðuspil með myndum af blómunum. Leika samstæðuspil.



Febrúar- Blómabúðin

Nemendur ásamt kennara bjuggu til blómabúð úr tómum mjólkurförnum sem til falla á leikskólanum.



Kveikja: Hvað gerir fólk þegar það fer í búð, hvað þarf að hafa með sér, hvernig lýsir það hlutum sem það ætlar að kaupa? Hvað gerir afgreiðslufólkið? Það er gott að kunna að reikna þegar farið er í búðina.

Verkefni: Leika sér frjálst í blómabúðinni. Eitt barn er starfsmaður búðarinnar, meðan hinir eru viðskiptavinir. Þau skiptast á að vinna í búðinni. Viðskiptavinir koma í búðina og velja sér blóm. Afgreiðslumaðurinn mælir með blómum og finnur blóm sem henta. Hægt er að gefa hverjum viðskiptavini mynd af plöntu sem er seld í búðinni. Viðskiptavinurinn verður að lýsa plöntunni án þess að sýna afgreiðslumanninum myndina. Afgreiðslumaðurinn á að finna út hvaða plöntu hann er með á spjaldinu. Hægt er að setja fána við hverja plöntu sem segir til um upprunaland hennar.

Mars- Stöðvaleikur á náttúrusvæði

Kveikja: Hvernig er náttúran núna, er hún ennþá í dvala? Það er farið að birta, það styttist í vorið, en engin lauf komin á tré, kannski er samt hægt að finna eitthvað sem er að vakna. Við ætlum að heimsækja leynigarðinn skoða náttúruna og fara í leik. Við ætlum líka að heyra um Jóhannes Kjarval, sem var málari sem málaði náttúruna. Börnunum fannst merkilegt að heyra að hann hugsaði ekki mikið um börnin sín.

Verkefni: Gönguferð í leynigarðinn. Þegar komið er í garðinn mynda nemendur hring, við tölum um að hringurinn sé jörðin, hver nemandi hugsar um eitthvað sem þau geta gert til þess að vernda jörðina/eða um eitthvað sem tengist náttúrunni og finna eina einfalda hreyfingu. Síðan segir einn og einn það sem hann hugsaði og gerir hreyfinguna. Hver nemandi dregur spjald með mynd á, myndin er hluti af sögu sem verður lesin fyrir þau. Sagan er lesin þegar orðið á myndinni sem þau eru með kemur fyrir í sögunni þá viðkomandi að hlaupa einn hring. Tveir geta verið með eins spjald.



Sagan um Jóhannes Kjarval málara

Jóhannesi leið best þegar hann var einn að **mála**. Hann átti marga vini og kunningja en honum þótt erfiðara að umgangast fjölskyldu sína. Hann hugsaði ekki mikið um börnin sín og var heldur ekki mjög góður afi.

Jóhannesi leið alltaf vel úti í **náttúrunni** og **málaði** allan daginn og stundum á nóttunni líka. Á sumarnóttum heyrðust hljóðin í **náttúrunni** svo vel. Einu sinni var Jóhannes einn uppi á fjalli að **mála**. Engin hljóð heyrðust nema tikk í **fugli**. Jóhannes fór að hlusta og tók eftir að **fuglinn** var að herma eftir hljóðinu í **úrinu** hans sem sagði, takk, tikk, takk þegar það gekk. Jóhannes **málaði** alla nóttina og hlustaði á **fuglinn** og **úrið**.

Náttúran var Jóhannesi svo kær að hann var bæði leiður og reiður þegar fólk fór óvarlega um. Hann þoldi alls ekki að bílar keyrðu yfir **blóm** og bláklukkur mátti alls ekki slíta upp því hann sagði á álfar ættu heima í þeim. Honum þótti vænt um **fuglana** og var reiður þeim sem vildu skjóta **fugla** eins og rjúpur. Þegar veiðimennirnir voru að skjóta kom mikill hávaði og truflaði þegar hann var að mála. Hann vildi fá að vera í friði og hugsaði að **fuglarnir** vildu líka fá að vera í friði. Hann var líka á móti vopnum og ofbeldi.

Jóhannes **málaði** aftur og aftur sömu **fjöllin** og **blómin**. Litirnir í **náttúrunni** voru misjafnir eftir því hvort það væri sól eða rigning. **Náttúran** var líka ólík eftir því hvort það væri vetur, sumar, vor eða haust. Öllu þessu tók Jóhannes eftir og **málaði** af því myndir. Hann málaði líka hraun og **mosa**, mörgum fannst hraun vera ljót þau voru grá og á þeim voru engin tré. Það var líka erfitt að ganga í **hrauni**, en **mosinn** er mjúkur. Jóhannes sá að **hraun** var fallett, það var lifandi og breytti um lit þegar það rigndi á það. Hann sá líka ýmsar verur í hrauninu sem hann teiknaði.

Þessa sögu þurfti að stytta fyrir þennan aldurshóp, sleppa síðustu efnisgreininni. Þeim fannst leikurinn skemmtilegur, en þurftu hjálp við að muna að hlaupa af stað.

Stöðvaleikur

1. Gera listaverk á pappadiska



2. Teikna eitthvað sem þú sérð í náttúrunni



3. Myndir af blómum sem eru í skólanum eru hengd uppí tré, spjöld með nöfnum blómanna liggja á jörðinni, nemendur klemma rétt nöfn við hverja plöntu. Þetta gekk ótrúlega vel þrátt fyrir ungan aldur barna.



4. Finna liti í eggjabakka og taka mynd.



5. Fara í samstæðuspil

6. Drekkja heitan drykk og njóta

Apríl -Kominn tími til að rækta

Kveikja: Ýmsir ávextir og grænmeti sett á bakka skoðað og smakkað. Dáðst var að fallegum litum og lögun þess og glaðst yfir því hversu bragðgott það er. Einnig var rætt um heimkynni þess t.d. komu eplin frá Ítalíu, appelsínur frá Spáni en agúrka og tómatar voru ræktaðir á Íslandi.

Fræ úr ávöxtum, grænmeti og í kryddjurtum var skoðað. Við sáum að fræin eru misstór sum eru agnarsmá eins og basilíkufræ, en önnur stór eins og avokadósteinn. Það er ekki stærðin sem skiptir máli því fræ hvort sem þau eru stór eða lítil hafa öll sama hlutverk, að búa til nýja plöntu.

Verkefni: Þegar búið var að skoða fræin, þá var hafist handa við ræktunarstörfin, ákveðið var að rækta baunir, basilíku, steinselju, klettsalat og papriku. Sundurklipptar mjólkurfernur voru fylltar af sáðmold, fræ sett í moldina, moldin vökvuð, pottarnir merktir og settir út í gluggakistu.



Það var mikil spenna hjá börnunum yfir ræktuninni, sum ætluðu að horfa á pottinn sinn allan daginn og sjá hvort plantan láti sjá sig. Þá kom að lærdómi tengdum ræktunarstörfum sem er þolinmæðin. Ekki er hægt að draga plöntuna úr fræinu, heldur þarf að gefa því tíma, alúð og góða umönnun.

Mái- Hugað að plöntunum, náttúran vaknar

Kveikja: Hvernig gengur ræktunin? Sumt skrælnaði upp, en annað lifir góðu lífi, sérstaklega basilíka. Ræðum blómin sem við settum niður fyrir í vetur, þau dafna vel og hafa stækkað mikið.



Hvað er nú að gerast í náttúrunni? Hún er vöknud, gras, laufblöð og blóm láta sjá sig, hvernig blóm? Við förum út og skoðum hvaða blóm við finnum, kannski fífla og sóleyjar.

Göngutúr í leynigarðinn við skoðum blóm og tré á leiðinni. Farið í tvo leiki:

Boðhlaup með hlutum úr náttúrunni.

Hver þátttakandi fær einn hlut, sams konar hlutur er settur á bekk. Það er skipt í tvö lið, einn úr hverju liði hleypur af stað og nær í hlutinn. Þegar allir í liðinu eru búnir að hlaupa kemur í ljós hvaða lið vann.



Allir þátttakendur fá einn hlut, einn hleypur í einu nær í hlutinn og hleypur tilbaka og næsti fer af stað

Allir fela einn hlut, þegar búið er að fela þá fara allir af stað til að leita. Leikurinn stuðlar að hreyfingu og skoða í kring um sig.



Þessar voru mjög fundvísar

Nú höfum við lokið prufukeyrslum á verkefnunum, við prufukeyrðum eitt skólaár frá hausti til sumars.

Frávik

Það voru ekki mikil frávik, helst það að á veturnar var minna hægt að gera sem tengist náttúrunni úti, en þá var gott að hafa verkefni um pottaplöntur. Sumt var gert aðeins öðruvísi en hugsað var í upphafi aðallega vegna aldurs og fjölda nemenda, en deildin er fjölmenn um 18 börn. Þetta var í raun gott lærdómsferli.

Helstu hindranir

Kannski það sama og nefnt var áður, við vorum t.d. of sein að skoða moldina að hausti, þá þurfti að bíða til vors með það þegar náttúran vaknar á ný. Einnig var kynning á verkefninu á annan hátt, kynningarfundir fóru fram á rafrænu formi eða í minni hópum.

Helsti ávinningur verkefnisins

Með verkefninu komu fleiri hugmyndir sem hægt er að gera í umhverfismennt í skólanum, umhverfismenntin varð markvissari, nemendur urðu meira vakandi fyrir umhverfi sínu og nutu útiveru. Þau höfðu gaman af verkefnunum og sýndu þeim mikinn áhuga. Bókin Lifandi náttúra er mjög viðamikil, nú er búið að taka úr bókinni það sem hentar vel þessum aldurshópi, verkefni aðlöguð og fundinn nýr flötur á þeim. Þetta kemur sér vel fyrir leikskólann Drafnarstein auk annarra leikskóla sem geta nýtt sér skýrsluna og fengið þannig góðar hugmyndir sem hægt er að nota í umhverfismennt. Verkefni úr skýrslunni verða sett í verkefnakistu Landverndar sem er öllum opin.


Prufukeyrslur eru mikilvægar til að kanna hvort námsefnið virki. Börnin voru áhugasöm og gekk að mestu leyti vel að vinna öll verkefni. Þetta var skemmtilegt og gagnlegt samstarf.

Kynning verkefnisins

Þegar bókin Lifandi náttúra var þá nýttust prufukeyrslunar vel því stór hluti glærुकynningar sem notuð var byggðist mjög á þeim þ.e. sagt var frá verkefnum sem unnin voru og myndir sýndar með sem segja meira en þúsund orð.


<https://www.canva.com/design/DAEUP53YYmw/QVK2LnMZxeg0o2Ok0fbR0w/edit>

Verkefnið var reglulega kynnt á fundum á Drafnarsteini, kennarar á öllum deildum fengu að fylgjast með þróun verkefnisins. Í desember var kynning á verkefninu á fundi með fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar, leikskólinn Skýjaborg í Hvalfjarðarsveit tók þátt í gerð bókarinnar. Kennarar skólans eru spenntir að fá skýrsluna til að nýta sér áframhaldandi starfi. Fundurinn fór fram á Teams 3. desember.




<https://www.hvalfjardarsveit.is/is/stjornsysla/fundargerdir-og-skyrslur/allar-fundargerdir/fraedslunefnd/1075>

Þann 18. janúar var kynningarfundur á verkefninu fyrir leikskólann Álfaheiði í Kópavogi.



Í febrúar voru Landshlutfundir Skóla á grænni grein þar sem verkefnið var kynnt á fjórum fundum. 1. 4. 8. og 11. febrúar.



Í mars var verkefnið kynnt á ráðstefnu um náttúrufræðimenntun



Dagskrá Ráðstefnu um náttúrufræðimenntun 2021

Dagsetning Ráðstefnu um náttúrufræðimenntun 19. - 20. mars 2021

#Ráð2021 Skráning fer fram með því að smella hér.

#RÁÐSTEFNA EN MÁLTHING EBB 2021

Þetta er mynd af myndinni. Þetta er mynd af myndinni. Þetta er mynd af myndinni.



<http://malthing.natturutorg.is/agrip1/>

Til stendur að kynna verkefnið enn frekar, ég mun t.d. fara í Drafnarstein í haust og kynna fyrir nýjum starfsmönnum og eldra starfsfólk verður minnt verkefnið. Einnig hef ég boðið

grænfánaleikskólum kynningu á verkefninu næsta haust. Nú þegar hafa nokkrir leikskólar sýnt því áhuga.

Að lokum

Við þökkum kærlega fyrir styrkinn. Hann varð til þess að prufkeyrslurnar urðu að veruleika. Þær styrktu umhverfismennt í leikskólanum Drafnarsteini. Prufukeyslunar urðu til þess að kynningarefni fyrir bókina Lifandi náttúra var betra. Verkefni frá prufukeyslum verða sett á í verkefnakistu hjá Landvernd. Vonandi mun samantekt verkefna sem unnin voru með Drafnarsteini nýtast öðrum leik og grunnskólum og efla menntun til sjálfbærni og tengingu við heimsmarkmiðin. Endilega hafið samband ef óskað er nánari útskýringa á verkefninu. sigurlaug@landvernd.is.

Dagsetning: 15. júní 2021

Sigurtaust

Undirskrift verkefnisstjóra



Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla